

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-21/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. mars sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur sá er lýst er í álitsbeiðni er við fyrirtækið Y, og varðar ákvæðna tegund af iðnaðarsápu sem álitsbeiðandi telur Y auglýsa með óréttmætum hætti og krefst álitsbeiðandi þess að félaginu verði gert að greiða sér fébætur sökum þess að umrædd háttsemi Y hafi skekkst samkeppnisstöðu sína.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningsefni aðila eins og því er lýst í álitsbeiðni varðar markaðssetningu á tiltekinni vörutegund og fellur ekki undir framangreind lög og þar með hefur kæruneftndin ekki heimild til að gefa álit sitt á því. Ber henni þar af leiðandi að vísa álitsbeiðninni frá, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin telur rétt að benda á að samkvæmt álitsbeiðni virðist ágreiningur aðila eiga undir lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 5. gr. og 14. gr. laganna. Skv. 4. gr. sömu laga fer Neytendastofa með eftirlit með lögnum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir